



DEILISKIPULAG MELAVALLA, KJALARNESI

**Umhverfisskýrsla – fylgiskjal með tillögu að breytingu á deiliskipulagi
15. apríl 2015**

EFNISYFIRLIT

.....	1
EFNISYFIRLIT	1
1. INNGANGUR.....	3
1.1 Breytingar á deiliskipulagi.....	3
1.2 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	3
1.3 Valkostir	3
2. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM ÁÆTLANA.....	4
2.1 Umfang og áherslur umhverfismats	4
2.2 Frárennslismál	4
2.2.1 Magn frárennslis og meðhöndlun.....	4
2.2.2 Niðurstaða	4
2.3 Úrgangsmál.....	4
2.3.1 Magn og næringarefni	4
2.3.2 Dreifing og geymsla	5
2.3.3 Niðurstaða	6
2.4 Heilsufar íbúa	6
2.4.1 Lyktarmengun og fok	6
2.4.2 Niðurstaða	7
2.5 Menningar- og náttúruminjar.....	8
2.5.1 Fornleifar	8
2.5.2 Náttúruminjar og hverfisvernd	8
2.5.3 Niðurstaða	8
2.6 Sjónræn áhrif	8
2.6.1 Sjónræn áhrif kjúklingabúsins.....	8
2.6.2 Niðurstaða	9
3. SAMANTEKT OG HEILDARÁHRIF	10
3.1 Samantekt	10
3.2 Samræmi við nógildandi skipulag	10
3.3 Tengsl við aðra áætlanagerð	10
3.4 Vöktun	11
3.5 Heildaráhrif.....	11
HEIMILDASKRÁ	12

1. INNGANGUR

1.1 Breytingar á deiliskipulagi

Reykjavíkurborg vinnur nú að breytingum á deiliskipulagi Melavalla á Kjalarnesi þar sem Matfugl ehf. starfrækir nú alifuglabú með stæði fyrir 112.000 kjúklinga. Breytingin er matsskyld skv. lögum nr. 105/2006 og er greint frá umhverfisáhrifum breytingarinnar í þessari skýrslu.

Fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulaginu felast í að heimilt verði að byggja eitt nýtt alifuglahús með stæði fyrir 28.000 kjúklinga sunnan við þegar samþykkt alifuglahús á lóðinni þannig að í heildina verði sjö hús á lóðinni, þ.e. þrjú eldri hús og fjögur hús byggð á tímabilinu 2006-2016, og heildarfjöldi stæða alls 140.000.

Greinargerð þessi er fylgiskjal með tillögu að deiliskipulagi Melavalla dags. 4. mars 2015.

1.2 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er lokið. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir 15. maí 2009 en þar kemur fram að stofnunin telur að matsskýrsla Matfugls hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 [13]. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu hafi verið gert grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim svarað á fullnægjandi hátt [4].

1.3 Valkostir

Valkostur við þessa skipulagsbreytingu er svokallaður núllkostur, þ.e. að ekki verði af þessari breytingu á deiliskipulagi og Matfugl haldi áfram að starfrækja alifuglabú með stæði fyrir 112.000 kjúklinga. Við mat á áhrifum er því um að ræða samanburð á áhrif óbreyttrar áætlunar.

2. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM ÁÆTLANA

2.1 Umfang og áherslur umhverfismats

Í upphafi umhverfismatsins var lagt mat á það hvaða þætti væri nauðsynlegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa.

Áhersla var lögð á að meta áhrif eftirfarandi þátta sem tengjast stækkun alifuglabúsins.

- Frárennslismál
- Úrgangsmál
- Heilsufar íbúa
- Menningar- og náttúruminjar
- Sjónræn áhrif

Talsverðar upplýsingar liggja fyrir um fyrirhugaða starfsemi og áhrif hennar eftir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í eftirfarandi köflum er stuðst að miklu leyti við þær upplýsingar sem fram koma í matsskýrslu verkefnisins og greint frá áhrifum á þessa áhrifaþætti [4].

2.2 Frárennslismál

2.2.1 Magn frárennslis og meðhöndlun

Frárennslis frá húsunum á eldistímanum er mjög takmarkað en hvert hús er þrifið að meðaltali átta sinnum á ári. Eingöngu er um að ræða skolvatn sem fellur til við þrif húsanna en það inniheldur ryk af gólfi húsanna og lífræn hreinsiefni. Aðeins eru um 3-5.000 lítrar af skolvatni notaðir við þrif á hverju hólfi og er rennslis í kringum 1 m³/klst.

Öllu frárennslis frá húsunum verður veitt í settanka- og siturlagnakerfi sem þegar er til staðar. Settanka og siturlagnakerfi var sett upp árið 2007 og öðru bætt við árið 2014 sem nýtt hús mun tengjast við.

Rannsóknir sýna að óuppleyst efni í fráveitukerfi frá hæsnahúsum falla mjög hratt til botns í kyrru vatni. Því hentar mjög vel að ná fram hreinsun með settanki og siturlagnakerfi. Kröfum heilbrigðisyfirvalda varðandi meðhöndlun frárennslis verður fylgt eftir og má því ætla að neikvæð umhverfisáhrif af völdum frárennslis verði óveruleg. Til að tryggja farsæla lausn frárennslismála verður samráð haft við heilbrigðisyfirvöld varðandi útfærslu þeirra.

2.2.2 Niðurstaða

Af ofangreindu má ætla að neikvæð umhverfisáhrif af völdum frárennslis verði óveruleg.


2.3 Úrgangsmál

2.3.1 Magn og næringarefni

Magnmælingar og efnagreining á hæsnaskít frá starfsemi Matfugls á Melavöllum fóru fram yfir u.þ.b. fjögurra mánaða tímabil árið 2007. Magn hæsnaskíts var vigtað á mælistöð Vegagerðarinnar á Vesturlandsvegi og sýni voru send til efnagreiningar á rannsóknarstofu Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri [4].

Almenn niðurstaða mælinganna er sú að magn hæsnaskíts frá starfsemi Matfugls á Melavöllum er að meðaltali 7,2 kg/fugl/ári [4]. Viðmið Evrópusambandsins (ESB) er 10-17 kg/fugl/ári [6] og er magn hæsnaskíts frá búi Matfugls því talsvert lægra en þau viðmið. Margar ástæður geta verið fyrir þessum mun. Magn hæsnaskíts sem fellur til frá kjúklingabúum er afar mismunandi og ræður þar stofn fugls, gerð fódurs, húsakostur og rakastig hæsnaskítsins hvað mest um. Gæði fódurs hjá Matfugli hefur ávallt verið mjög hátt og nýju kjúklingahúsin á Melavöllum verða mjög nýtiskuleg með steipt gólf og innbyggðar hitalagnir, vélræna loftræstingu og lokaða drykkjarstúta. Það er því líklegt að margir samvirkandi þættir valdi þessum mun á tölum Matfugls og viðmiða ESB.

Eftir áformaða stækkun kjúklingabúsins verða 140.000 stæði fyrir kjúklinga á búinu og því verður árlegt magn hænsnaskíts að meðaltali um 1.100 tonn.



Mynd 1 Mokað úr kjúklingahúsi Matfugls á Melavöllum. Á myndinni má sjá steipt gólf, loftræstingu og drykkjarstútakerfi húsanna.

Helstu niðurstöður efnagreininganna eru þær að köfnunarefnismagn hænsnaskítsins er að meðaltali 3,4% og árlegt magn köfnunarefnis því að meðaltali 0,26 kg N/fugl/ári [4]. Viðmið ESB fyrir köfnunarefnisinnihald er 2,6-10,1% og 0,23-0,52 kg N/fugl/ári [6]. Í báðum tilvikum eru því mælingar Matfugls innan viðmiða ESB. Heildarmagn köfnunarefnis frá stækkuðu búi verður að meðaltali um 47 tonn N/ári.

Styrkur fosfórs í hænsnaskítum er reiknaður vera tæplega 1,4% [4] en viðmið ESB fyrir fosfór er á bilinu 1,1-3,2% [6]. Mældur styrkur fosfórs er því innan viðmiða ESB.

Þurrfnisinnihald hænsnaskítsins reyndist mjög hátt eða tæp 81% að meðaltali. Samkvæmt ESB er þurrfnisinnihald hænsnaskíts gjarnan á bilinu 40-90% [6] og því sýna niðurstöðurnar að hin nýju hús Matfugls á Melavöllum eru að uppfylla þá kröfu að draga úr rakamyndun í húsunum sem dregur úr magni og leiðir til minni lyktarmengunar.

2.3.2 Dreifing og geymsla

Samkvæmt núverandi starfsleyfi heilbrigðiseftirlits og starfsreglum um góða búskaparhætti má dreifa 170 kg N/ha/ári á svæðum sem kortlögð hafa verið sem viðkvæm fyrir köfnunarefni [9]. Ef miðað er við þetta magn er heildar landþörf Matfugls að meðaltali tæplega 280 ha/ári. Það ber að nefna að ekki er ráðgert að dreifa skítum á viðkvæm svæði, en engu að síður er fyrrgreint viðmið haft til hliðsjónar.

Ræktað land á jörðinni Melavellir eru u.þ.b. 8 ha og er ætlunin að nota þetta land undir áburð. Að auki hefur framkvæmdaraðili komist að samkomulagi við landeiganda Dalsmýnnis um að fá afnot af um 70 ha lands til dreifingar á hænsnaskít en um er að ræða endurnýjanlegan samning til 7 ára. Allur hænsnaskítur umfram þetta er keyrður í Svínadal þar sem bændur taka við honum til geymslu og dreifingar. Bændur í Svínadal hafa sóst eftir u.þ.b 1300-1600 tonnum af kjúklingaskít til áburðargjafar á tún sín. Þeir eru: Eyri (600-700 tonn), Hlíðarfótur (500 tonn), Hóll (250 tonn) og Neðra-Skarð (80-100 tonn).

Ljóst er að samningar við samtök, stofnanir og landeigendur geta ávallt tekið breytingum og nýir komið í staðinn. Í áliti Skipulagsstofnunar á matsskýrslu kemur fram að mikilvægt sé að í starfsleyfi sem gefið er út fyrir stækkuðu búi liggi fyrir á hvaða svæðum eigi að nýta úrganginn

sem áburð. Því sé æskilegt að starfsleyfisveitandi nýti sér heimild til víðtækrar álitsgjafar í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir rekstur sem getur haft í för með sér mengun [10] og óski umsagnar heilbrigðisnefndar í viðkomandi sveitarfélagi. Þar með verður hægt að meta hvort viðkomandi svæði innan sveitarfélags teljist heppilegt dreifingarsvæði með tilliti til viðkvæmni fyrir köfnunarefni.



Mynd 2 Dreifing hænsnaskíts á Melavöllum.

Þar sem hænsnaskítur er mjög innihaldsríkur af bæði köfnunarefni og fosfór er hann vinsæll í uppgræðsluverkefnum og sem almennur áburður á ræktað land og tún. Verð á tilbúnum áburði hefur hækkað mjög mikið undanfarin ár og hefur áhugi landeigenda á hænsnaskítum og hinna ýmsu félaga og stofnana sem vinna að uppgræðslu aukist mikið.

Í reglugerð nr. 804/1999 eru ákvæði um söfnun og geymslu búfjáráburðar sem starfsreglur um góða búskaparhætti taka mið af [11]. Þar segir að á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars, eða í alls 4,5 mánuði, megi ekki dreifa hænsnaskít á tún. Miðað við árlegt heildarmagn skíts um 1.100 tonn er hér um að ræða um 420 tonn sem þyrfti að geyma yfir þetta tímabil. Matfugl hefur í dag aðstöðu til að geyma hænsnaskít í hauggeymslum sínum að Hurðabaki. Geymslugeta húsanna er í kringum 6-700 tonn. Sá hænsnaskítur sem ekki fer til dreifingar á svæðinu er keyrður strax í burtu og annað hvort dreift strax á hjá bændum í Svínadal eða settur í hauggeymslu að Hurðarbaki og hjá viðkomandi bændum í Svínadal.

2.3.3 Niðurstaða

Neikvæð áhrif af völdum úrgangs frá stækkaðri starfsemi matsfugls eru óveruleg. Yfir heildina litið má færa fyrir því sterk rök að áhrif deiliskipulagsbreytingarinnar á úrgangsmál séu jákvæð fyrir umhverfið þar sem til verður afbragðs áburðarefni sem bæði Matfugl, bændur í Svínadal og hugsanlega aðrir landeigendur, félög og stofnanir geta nýtt til uppgræðslustarfa. Þörf er á góðum og næringarefnaþríkum áburði sem er þægilegur í meðhöndlun og binst vel jarðvegi en hænsnaskíturinn uppfyllir allar þessar kröfur. Unnt verður að geyma hænsnaskítinn að Hurðabaki og hjá bændum sem taka á móti honum þegar ekki er leyfilegt að dreifa honum skv. reglugerð. Í starfsleyfi fyrirtækisins verður hægt að setja fram skilyrði um að umsögn heilbrigðisnefnda innan þeirra sveitarfélaga sem teljast hafa heppileg svæði til dreifingar liggi fyrir.

Bent skal á að fjallað er um umhverfisáhrif annarra þátta sem einnig tengjast myndun og meðhöndlun hænsnaskíts í kafla 2.4 (lyktarmengun og fok).


2.4 Heilsufar íbúa

2.4.1 Lyktarmengun og fok

Fjarlægð milli syðsta kjúklingahúss og íbúðarhúss á Bakka verður u.þ.b. 790 metrar og fjarlægð milli kjúklingahúsa og íbúðarhúss á Dalsmynni verður u.þ.b. 1.000 metrar. Kröfum reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti um að óheimilt sé að hafa alifuglabú nær mannbústöðum en sem

nemur 500 metrum er því fullnægt [12]. Þess má einnig geta að fjarlægðin milli kjúklingahúsa og Vesturlandsvegur verða rúmir 1.100 metrar.

Samkvæmt veðurathugunarstöð Veðurstofunnar að Skrauthólum á Kjalarnesi er ríkjandi vindáttátt suðaustur og austsuðaustur en í hægviðri ber einnig á norðlægum áttum þó svo að tíðni þeirra sé nokkuð minni [14]. Þar sem Esjan er mjög nálægt hefur hún mikil áhrif á vindafar, bæði stýrir hún stefnu vindsins og mótar styrk hans. Mun hvassviðrasamara er á Kjalarnesi heldur en annars staðar í byggðum höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni er hvassviðratíðni heldur hærri á Kjalarnesi en í heiðarlöndunum suðaustur af borginni [14]. Hagstæðar vindáttir munu því draga úr áhrifum lyktarmengunar en gera má ráð fyrir að mestu áhrifa lyktarmengunar muni gæta í hægum vindum.



Mynd 3 Vindáttir á Skrauthólum, Kjalarnesi í bæði hægviðri og hvassviðri (Veðurstofa Íslands 2006).

Í BAT (Best Available Technique) skýrslu Evrópusambandsins er fjallað um bestu fánlegu tækni í kjúklingaiðnaði og leiðbeiningar og kröfur gefnar fyrir t.d. almennan rekstur kjúklingabúa, húsbúnað og meðhöndlun hænsnaskíts [6]. Í skýrslunni er m.a. fjallað um hvernig lágmarka megi lyktarmengun frá kjúklingahúsum. Mikilvægt er að þurfnisinnihald skítsins sé hátt en því blautari sem skíturinn er því meiri er lyktarmengunin frá honum. Það er því mikilvægt að tryggja gott hitastig í húsunum, góða loftræstingu og undirburð og koma í veg fyrir að vökví komist í snertingu við skítinn. Ný kjúklingahús Matfugls á Melavöllum munu uppfylla allar þessar kröfur, þ.e.a.s. gólf þeirra verða steipt og með innbyggðar hitalagnir, vélræn og tölvustýrð loftræsting er í húsunum og drykkjarstútar eru lokaðir til að lágmarka vætu. Þá verða notuð um 1.400 kg af spæni í hvert eldishólf.

Í BAT skýrslunni kemur einnig fram að mikilvægt sé að ná þurfnisinnihaldi skítsins í um 70% til að draga úr losun á ammoníaki [6]. Eins og fram hefur komið sýna mælingar að þurfnisinnihald skítsins á Melavöllum sé tæplega 81% sem er með því hæsta sem fyrirfinnst í Evrópu. Hátt þurfnisinnihald mun því draga verulega úr hugsanlegri lyktarmengun hans. Aftur á móti gæti þurfnisinnihald skítsins valdið því að hann fjúki frekar við dreifingu og þar með valdið einhverjum óþægindum fyrir nágranna Melavalla. Slíkt yrði þó hægt að lágmarka ef tillit er tekið til verðuraðstæðna þegar skítum er dreift.

2.4.2 Niðurstaða

Það má ætla að neikvæð áhrif deiliskipulagsbreytingarinnar á lyktarmengun verði óveruleg. Helsta uppspretta lyktarmengunar verður frá kjúklingahúsunum sjálfum en lág dreifingartíðni hænsnaskítsins á tún og snögg uppgufun lyktandi efna stuðlar að því að lyktarmengun á svæðinu verður að öllum líkindum lítil. Í þau skipti sem hægar norð- og suðlægar vindáttir ríkja á svæðinu er hugsanlegt að landeigendur á Bakka og í Dalsmynni verði varir við einhverja lykt en ríkjandi

vindáttir eru suðaust- og austsuðaustlægar eða á haf út. Þar sem fjarlægðin milli kjúklingahúsanna og íbúðarhúsa á svæðinu er umtalsverð verður einnig að teljast ólíklegt að lyktarmengunin valdi miklum óþægindum.

Vegna hás þurrefnisinnihalds hæsnaskítsins má gera ráð fyrir því að hann fjúki nokkuð við dreifingu ef þannig viðrar. Þó er hægt að draga úr þeim óþægindum sem af þessu kunna að stafa með því að taka tillit til veðuraðstaðna þegar skítnum er dreift á Melavöllum við útmokstur húsa. Ekki er vitað til þess að heilbrigðisyfirvöldum hafi borist kvartanir vegna óþæginda sem tengja meg foki á hæsnaskít eða spæni á svæðinu.

Hér er því um að ræða tímabundin áhrif á fáa aðila og innan svæðis sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

2.5 Menningar- og náttúruminjar

2.5.1 Fornleifar

Í apríl 2007 kannaði Fornleifastofan, fyrir hönd Matfugls ehf., hvort fornleifar kynnu að leynast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði [3]. Í vettvangskonnnun á svæðinu komu engar fornleifar í ljós og er það álit Fornleifastofunnar að litlar sem engar líkur séu á því að þær finnist. Engar heimildir eru um að þarna kunni að leynast fornleifar. Komi annað í ljós við framkvæmdir er þó bent á 13. gr. þjóðminjalaga, en þar er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt og unnt er. Fornleifavernd ríkisins tekur þá ákvörðun hvort verkið megi halda áfram og með hvaða skilmálum.

2.5.2 Náttúruminjar og hverfisvernd

Innan skipulagssvæðisins eru ekki svæði á náttúruminjasrá [7], né jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 [1]. Engin hverfisverndarsvæði skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er að finna innan skipulagssvæðisins [8].

2.5.3 Niðurstaða

Engar fornleifar hafa fundist á svæðinu og hefur deiliskipulagsbreytingin því engin áhrif á umhverfisþáttinn.

2.6 Sjónræn áhrif

2.6.1 Sjónræn áhrif kjúklingabúsins


Eins og sjá má á mynd 4, sem er tekin nærri upplýsingarskilti um Hvalfjörðinn á Vesturlandsvegi, er svæðið sem deiliskipulagsbreytingin nær til í nokkurri fjarlægð (1.100 metra) frá þjóðveginum.



Mynd 4 Séð að Melavöllum frá Vesturlandsvegi.

Á myndinni má sjá þrjú fullbyggð kjúklingahús. Eftir stækkun kjúklingabúsins verður heildarfjöldi húsa fjögur en eitt nýtt hús verður reist til suðurs við húsinn þrjú (vinstra megin við húsinn á mynd 4). Nýja húsið verður jafnstórt þeim húsum sem þegar eru komin en munu liggja lægra í landi. Húsinn þrjú sem reist voru 2007 og 2014 eru með gólfkóta 29,75, þ.e. í sama gólfkóta, en elstu húsinn eru í gólfkóta 31,35. Næsta hús mun liggja í gólfkóta 29,25 (mynd 5).

Til að draga úr hugsanlegum sjónrænum áhrifum deiliskipulagsbreytingarinnar verður 3-4 metra há mön reist bæði sunnan og austan megin við kjúklingahúsin (mynd 5 og deiliskipulagsuppráttur). Þessi mótvægisáðgerð er gerð í samráði við forráðamenn Matfugls til að koma til móts við athugasemdir landeigenda á Bakka sem fram komu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.



Mynd 5 Tillaga að breyttu deiliskipulagi Melavalla. Til að draga úr sjónrænum áhrifum verður 3-4 metra há mön reist bæði sunnan og austan megin við kjúklingahúsin (Mynd: Arkþing 2015).

2.6.2 Niðurstaða

Húsinn liggja lægra í landi en núverandi hús og falla eðlilega að yfirbragði bygginga á svæðinu en eins og sjá má á mynd 4 hafa núverandi hús mjög lítil sjónræn áhrif á vegfarendur frá Vesturlandsvegi. Til að koma til móts óskir skipulagsyfirvalda í Reykjavík og landeigendur á Bakka verður reist 3-4 metra há mön í kringum kjúklingahúsin og verða húsinn því lítt sýnileg þaðan. Því má ætla að sjónræn áhrif verði hverfandi og áhrif deiliskipulagsbreytingarinnar á sjónræna þætti eru því talin vera óveruleg.

3. SAMANTEKT OG HEILDARÁHRIF

3.1 Samantekt

Eftirfarandi er samantekt helstu atriða er fram komu í mati á umhverfisáhrifum áætlana.

- Til að tryggja farsæla lausn frárennslismála verður komið fyrir viðurkenndu frárennsliskerfi í fullu samráði við heilbrigðisyfirvöld.
- Framkvæmdaraðili hefur komist að samkomulagi við landeiganda Dalsmýnnis um afnot af um 70 ha lands til dreifingar á hæsnaskít til 7 ára. Einnig hefur verið gerður samningur við landeigendur í Svínadal um árlega nýtingu á allt að 1.550 tonnum af hæsnaskít. Mikil eftirsókn er eftir hæsnaskítum af félögum, stofnunum og landeigendum vegna hás næringarinnihalds hans og hækkandi kostnaðar á tilbúnum áburði. Það má því færa fyrir því sterk rök að um sé að ræða jákvæð umhverfisáhrif. Í starfsleyfisgerð verður enn fremur hægt að sjá til þess að viðeigandi og nægjanlegt land sé til staðar fyrir það magn hæsnaskíts sem mun falla til frá stækkuðu búi. Með þessu er fundin lausn varðandi ráðstöfun á auknu magni hæsnaskíts sem fylgir stækkuninni.
- Fjarlægð nýrra kjúklingahúsa frá nærliggjandi íbúðarhúsum verður meiri en 500 metrar (790 metrar frá Bakka og u.þ.b. 1.000 metrar í Dalsmýnni) og því verður ákvæðum reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti fullnægt. Búast má við því að einhver lyktarmengun berist til næstu nágranna kjúklingabúsins, sérstaklega í hægum norð- og suðlægum vindáttum. Ríkjandi vindáttir á svæðinu eru þó að miklu leyti suðaustlægar og blæs þá vindur á haf út. Um verður að ræða tímabundin áhrif innan svæðis sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.
- Hátt þurfnisinnihald hæsnaskítsins gæti valdið því að hann fjúki frekar við dreifingu og þar með valdið einhverjum óþægindum fyrir nágranna Melavalla en slíkt verður þó hægt að lágmarka ef tillit er tekið til veðuraðstaðna hverju sinni þegar skítum er dreift. Nægjanlegt geymslupláss verður til staðar í haughúsum að Hurðabaki og í Svínadal þannig að hægt verður að haga dreifingu eftir veðurskilyrðum hverju sinni. Ekki er vitað til þess að heilbrigðisyfirvöldum hafi borist kvartanir vegna óþæginda sem tengja meg foki á hæsnaskít eða spæni á svæðinu.
- Í vettvangskonun fornleifafræðings á svæðinu komu engar fornleifar í ljós og ekki þykir líklegt að þær finnist á svæðinu.
- Deiliskipulagið er hvorki innan svæðis á náttúruminjaskrá né undir hverfisvernd skv. aðalskipulagi Reykjavíkur.
- Sjónræn áhrif deiliskipulagsbreytingarinnar verða lítil. Kjúklingahúsin verða í talsverðri fjarlægð frá bæði Vesturlandsvegi og næstu nágrönnum á Bakka og í Dalsmýnni. Að auki munu húsin liggja lægra í landi en núverandi hús og 3-4 metra há mön verður reist í kringum kjúklingahúsin.

3.2 Samræmi við núgildandi skipulag

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er svæðið sem um ræðir skilgreint sem landbúnaðarsvæði [8].

Breyting á deiliskipulagi Melavalla og þar með aukin afurðaframleiðsla á svæðinu er í samræmi við meginmarkmið og framtíðarsýn Aðalskipulagsins.

3.3 Tengsl við aðra áætlanagerð

Breyting á deiliskipulagi svæðisins er í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 og hefur ekki tengsl við eða áhrif á aðra áætlanagerð.

3.4 Vöktun

Í 6. grein laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana er kveðið á um gerð vöktunaráætlunar vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar, komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda. Þar sem mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar skv. lögum nr. 106/2000 er lokið á þessu stigi er hér jafnframt stuðst við þá niðurstöðu, til að tryggja að samkvæmni sé á milli skipulags- og framkvæmdastigs.

Að mati framkvæmdaraðila eru umhverfisáhrif áætlunarinnar og framkvæmd hennar ekki veruleg. Þessi niðurstaða er í samræmi við álit Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, þar sem segir m.a. að meðhöndlun hæsnaskíts komi ekki til með að valda verulega neikvæðum umhverfisáhrifum með tilliti til aukningar næringarefna og að umhverfisáhrif vegna lyktarmengunar verða talsverð neikvæð í skamman tíma þó að á heildina litið megi telja að lyktarmengun verði óveruleg. Í álini Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar kemur jafnframt fram að það sé háð verktilhögun, mótvægisáðgerðum og vöktun hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið.

Eins og fram kemur í álini Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er fýsilegt að taka á því í starfsleyfisgerð starfseminnar að fyrir þurfi að liggja hvar úrgangurinn er nýttur sem áburður og fá þar með samþykki viðkomandi heilbrigðisnefnda (sjá nánari umfjöllun í kafla 2.3.2). Í þessari áætlun er því gert ráð fyrir að skilgreining stýringar og vöktunar á þessum umhverfisþætti sé gerð við starfsleyfisgerð. Þar mætti einnig setja fram skilyrði vegna vöktunar á öðrum umhverfisþáttum t.d. frárennslismálum og dreifingu hæsnaskíts á tún.

3.5 Heildaráhrif

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að heildaráhrif af völdum breytinga á gildandi deiliskipulagi Melavalla á Kjalarnesi séu hverfandi. Helstu neikvæðu áhrifin munu stafa af tímabundinni lyktarmengun þegar hægar og óhagstæðar vindáttir ríkja á svæðinu. Slík veðurskilyrði eru þó ekki algeng á svæðinu sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Reykjavíkur.

Gerðar hafa verið ráðstafanir vegna aukins magns hæsnaskíts frá stækkuðu búi með samningum við landeiganda Dalsmýnnis og bændur í Svínadal. Þar sem mikil eftirspurn er eftir hæsnaskít, sem er mjög næringarefnamikill, sem áburð á tún vegna hækkandi verðs á tilbúnum áburði mætti færa fyrir því sterk rök að þessi þáttur muni hafa jákvæð umhverfisáhrif. Mikil þörf er á góðum áburði í uppgræðsluverkefni og hafa skógræktarfélag á höfuðborgarsvæðinu sýnt því mikinn áhuga að fá hæsnaskítinn frá starfsemi Matfugls á Melavöllum, auk framangreindra bænda í Svínadal sem nýta skítinn í dag.

HEIMILDASKRÁ

1. Alþingi 1999. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
2. Alþingi 2006. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
3. Bjarni F. Einarsson: Fornleifar vegna deiliskipulags í landi Melavalla í Kjós, 23. apríl 2007. Fornleifafræðistofan.
4. Efla verkfræðistofa 2009: „Stækkun kjúklingabús á Melavöllum, Kjalarnesi“, Mat á umhverfisáhrifum, Matsskýrsla, apríl 2009.
5. European Commission: “Establishment of Criteria for the Assessment of Nitrogen Content in Animal Manures, European”, 1999.
6. European Commission: “Reference Document on Best Available Techniques for Intensive Rearing of Poultry and Pigs”, July 2003.
7. Náttúruverndarráð 1996: Náttúruinjasráð 7. útgáfa. Náttúruverndarráð.
8. Umhverfis og Skipulagssvið Reykjavíkurborgar 2013: Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010-2030. Umhverfis og Skipulagssvið Reykjavíkurborgar.
9. Starfsreglur um góða búskaparhætti, Starfshópur um meðferð úrgangs frá landbúnaði, ágúst 2002.
10. Stjórnartíðindi 1999. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
11. Stjórnartíðindi 1999. Reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.
12. Stjórnartíðindi 2002. Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.
13. Stjórnartíðindi 2005. Reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.
14. Trausti Jónsson, Árni Sigurðsson, “Kjalarnes – stutt úttekt á vindfari”, Veðurstofa Íslands, nóvember 2006.